Vatnsdalur - Saga og náttúra



Vatnsdalur og Þing

Vatnsdalur er grösugur og búsældarlegur dalur sem teygir sig um 25 km leið fram að Forsæludal. Að austan afmarkast dalurinn af Vatnsdalsfjalli og gnæfir þar hæst Jörundarfell í 1038 metra hæð, en að vestan er hálshlíðin lág og ná smábungóttir ásar allt að Víðidalsfjalli.

Vatnsdalsá rennur um dalinn sem, líkt og fleiri húnvetnskar ár, er þekkt fyrir lax- og silungsveiði. Nyrst í dalnum myndar hún Flóðið, sem varð til árið 1720 þegar skriða úr fjallinu stíflaði ána og eyddi bænum að Bjarnastöðum. Í dalsmynninu vekja hólarnir „óteljandi" eftirtekt en talið er að þeir hafi myndast úr miklu skriðufalli handan úr Vatnsdalsfjalli fyrir um tíu þúsund árum. Norðan hólanna er Þingið, en á Þingeyrum stóð hið forna héraðsþing á þjóðveldistíma. Þar stóð einnig klaustur af Benediktsreglu og var menningarmiðstöð í yfir fjórar aldir, en venja er að miða stofnun þess við árið 1133 þegar fyrsti ábóttinn var vígður til klaustursins.

Í Landnámabók og Vatnsdælasögu greinir frá landnámi Ingimundar gamla, en þar segir að hann hafi numið Vatnsdal allan fyrir ofan Helgavatn og Urðarvatn og sett bú sitt að Hofi. Ingimundur var vinur og bandamaður Haraldar konungs hárfagra (um 850-933) og barðist með honum í hinni miklu orustu í Hafursfirði í Noregi. Eftir bardagann fékk konungur Ingimundi gott kvonfang, Vigdísi, dóttur Þóris jarls þeglanda. Bróðir Þóris var Göngu-Hrólfur sem réðist með víkingaher inn í Frakkland og gerðist jarl yfir landsvæði því sem fékk nafnið Normandi. Afkomandi Göngu-Hrólfs var Vilhjálmur sigursæli sem lagði undir sig England árið 1066.

Vatnsdælasaga var sett á bókfell um 1270, en atburðatíminn hefst um það leyti er Ingimundur gamli kom út til Íslands um 900 og lýkur við dauða Þorkels krafla á fyrri hluta 11. aldar. Lýst má vera að hófundur hefur gjörþekkt landslag og minjar í héraðinu og hefur eflaust notað þekkta minjastaði við svíðsetningar á atburðum. Þannig verða minjar og landslag órjúfanlegur hluti af frásögninni sjálfri. Óvenju margir minjastaðir hafa varðveist fram á þennan dag sem tengja má frásögnum Vatnsdælasögu og voru flestir þeirra friðlýstir í kringum 1930. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að kynna þessa staði sérstaklega með uppsetningu söguskilta og að gera þá aðgengilega með stíkum gönguleiða. Staðir þessir eru merktir sérstaklega inn á kortið ásamt óðrum áhugaverðum sögu- og minjastöðum í héraðinu.

Vatnsdalur and Þing

Vatnsdalur is a verdant grassy valley which extends about 25 km as far as the Forsæluðalur valley. The eastern limit of the valley is marked by Mt. Vatnsdalsfjall, whose highest point is Jörundarfell, 1,038 m above sea level. On the western side, low hills lead to Mt. Víðidalsfjall.

The Vatnsdalsá river, which flows through the valley, is popular with anglers for its salmon and trout, like many other rivers in the region. At the north the river forms a lake, Flóðið, which formed in 1720 when a landslide from the mountain dammed the river and swept away the farmstead of Bjarnastaðir. In the mouth of the valley are Vatnsdalshólar, an expanse of hillocks traditionally regarded as innumerable; these formed about 10,000 years ago in a massive landslide from Mt. Vatnsdalsfjall. To the north of the hillocks is Þing, whose name, literally "assembly place," refers to the regional assemblies held here in the time of the Old Commonwealth (930-1264). In the middle ages Þingeyrar was the site of a Benedictine monastery, which was a centre of culture for more than 400 years. The foundation of the monastery is generally dated to 1133, when the first abbot was consecrated.

Landnámabók (the Book of Settlements) and Vatnsdæla saga (the Saga of the Vatnsdalur People) recount that the valley was first settled by Ingimundur the Aged, who claimed all the land above Helgavatn and Urðarvatn lakes, and made his home at Hof. Ingimundur was a friend and ally of King Harald Fairhair (c. 850-933) of Norway, and fought beside him in the great sea battle of Hafrsfjord. After the battle the king rewarded Ingimundur with a well-born bride: Vigdís, daughter of Earl Thorir the Silent of Møre. Thorir was the brother of Göngu-Hrólfur or Rollo, who led a Norse invasion of France and became Earl of Normandy – the region whose name derives from the invading Normesen. A descendant of Rollo, William the Conqueror, won the Battle of Hastings in 1066 to become the first Norman king of England.

The Saga of the Vatnsdalur People was first written down around 1270, fixing oral narratives on vellum: the story begins with the settlement of the valley by Ingimundur the Aged around 900, and concludes with the death of Þorkell krafla in the early 11th century. The writer of the manuscript was clearly familiar with the landscape and historical places in the region; and no doubt he used such well-known places as settings for the events of the saga. Thus heritage sites and landscape are an integral part of the narrative. An unusually large number of heritage sites that relate to the saga have survived, most of which were listed as protected sites around 1930. In recent years these sites have been given greater prominence through erecting information signs and marking out footpaths to provide access. These saga sites are marked on the map, along with other places of historical interest in the region.

Sögu- og friðlýstir minjastaðir

1 Stígandahróf - Friðlýstar minjar nausts. Í Vatnsdælasögu greinir frá því að landnámsmaðurinn Ingimundur gamli hafi farið til Noregs að sækja sér húsavið. Færði Ingimundur Haraldi konungi hvítabirni að gjöf en konungur gaf á móti skipið Stíganda með viðarfarmi. Hann kom skipinu í Húnavatnsós og reisti þar naustið Stígandahróf yfir það. Vestan við Húnavatn er tóft af allstóru nausti og er það kennt við skip Ingimundar og ber heitið Stígandahróf.

2 Þingeyrar - Þingeyrar draga nafn sitt af þingholdi sem þar var haldið á þjóðveldisöld. Þar eru friðlýstar allar leifar hins forna þingstaðar, þar með „dómhringur" ersvo heitir og er í túninu suðaustan við núverandi kirkju. Klaustur var stofnað þar árið 1133 og urðu Þingeyramunkar fljótlega þekktir fyrir bókmenntaiðju sína. Eftir siðaskiptin urðu Þingeyrar löngum aðsetur hins veraldlega valds í héraðinu en Þingeyrarklaustursumboð fylgdu gjarnan sýsluvöld í Húnaþingi. Smíði núverandi steinkirkju stóð yfir á árunum 1864-1877.

3 Gullsteinn - Þorvalds þætti viðförla segir segir frá því að Þorvaldur hafi tekið skírn af saxneskum biskupi er Friðrik hét. Óskaði biskup eftir því að fá að fylgja Þorvaldi til Íslands og boða þar kristni. Segir að verndarvættur Koðráns bónda á Giljá hafi búið í steini einum veglegum skammt frá bænum. Friðrik biskup og Ibúi steinsins reyndu með sér hvor þeirra væri máttugri. Fór svo að steinninn brast í sundur við yfirsöngva Friðriks og lagði íbúinn með hyski sitt á flótta. Talið er að hér hafi verið átt við svonefndan Gullstein sem stendur skammt ofan við minnismerkið um þessa fyrstu kristniboða norðan við bæinn á Stóru-Giljá.

4 Þrístapar - Þrír samliggjandi stakir smáhólar er standa norður og austur af Vatnsdalshólum. Þar fór fram síðasta aftaka á Íslandi 12. janúar 1830, er Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdóttir voru hálshöggvin vegna morðanna á Natani Ketilssyni og Pétri Jónssyni. Efst á miðhólnum er hlaðinn aftökupallur, um 20-70 cm hár og um 5x5 metar að ummáli. Á honum er mininngarsteinn um atburðinn. Skilti er við þjóðveginn og stutt gönguleið að staðnum.

5 Þórdísarholt - Eftir dvöl sína við Ingimundarhól í Viðidal hélt Ingimundur gamli með fólk sitt yfir í Vatnsdal. „Og er þeir komu að Vatnsdalsá þá mælti Vigdís kona Ingimundar: „Hér mun ég eiga dvöl nokkura því að ég kenni mér sóttar." Ingimundur svarar: „Verði það að góðu." Þá feddi Vigdís meybarn. Hún var Þórdís kölluð. Ingimundur mælti: „Hér skal Þórdísarholt heita."" Við Þórdísarfund hefur verið sett söguskilti um atburðinn þegar fyrsti Húnvetningurinn fæddist.

6 Faxabrandsstaðir - Samkvæmt Vatnsdælasögu átti Brandur heima á Faxabrandsstöðum. Í deilum við Finnboga ramma og Berg á Borg leituðu synir Ingimundar gamla liðveislu Brands. Er fara átti til hólmstefnu að Borg var veður slæmt og tjaldaði Brandur sleða með húðum og beitti hestinum Faxa fyrir. Er þeir komu að Borg mætti Finnbogi og Bergur ekki á hólmstefnuna vegna veðurofsans og reistu Ingimundarsynir þeim niðstöng. Söguskilti hefur verið reist neðan við Breiðabólsstað og eru sýnilegar skálarústir að finna á staðnum sem er skammt ofan við Breiðabólsstaðarbæinn.

7 Kattarauga - er lítil djúp tjörn í landi Kornsár sem er uppsprettulind sem á flýjóta tvær litlar grasi grónar eyjur, eins konar flýjótandi ljámýs. Kattaraugað er friðlýst sem náttúruvætti. Upplýsingaskilti Náttúruverndarráðs hefur verið sett upp við tjörnina.

8 Kornsá - Þórdís dóttir Ingimundar gamla og Hallormur austmaður bjuggu að Kornsá en þeirra sonur var Þorgrímur er síðar varð Kárnsárgoði. Hann átti frilluson við ambáttinni Neireiði, af ætt Orkneyjarjarla. Lét Þorgrímur bera sveininn út en Þorsteinn Ingimundarson og Þórir hafursþjó komu barninu til bjargar. Fékk sveininn nafnið Þorkell krafla og tók síðar við höfðingjadómi og goðorði Hofverja. Kornsá var löngum höfðingjasetur, en gamla íbúðarhúsið sem nú stendur var byggt árið 1879 af Lárusi Blöndal sýslumanni.

9 Nautabú - Þórir hafursþjó var einn af sonum Ingimundar gamla og bjó að Nautabúi. Sagt er að á þann hafi stundum runnið berserksgangur, sem hann losnaði síðar við með því að bjarga lífi og fóstra Þorkel kröflu. Í túninu sunnan bæjar á Kornsá er að finna örnefnið Nautabúsmóa og þar eru greinilegar rústir bæjar og garðs, sem með rannsókn hefur verið staðfest að er frá því fyrir árið 1000.

10 Undirfell - er kirkjustaður sveitarinnar. Suðvestur af bænum sér til Fells sem er helsta kennileiti á hálsinum vestanverðum. Er fell þetta í nánstað frá bænum og hafa sumir talið að staðarheitið sé dregið af því og hafi upphaflega verið Undornfell, en undorn er eyktarmark í fornu máli. Sr. Hjörleifur Einarsson var annáðaður athafnamaður og sat staðinn í yfir þrjá áratugi. Beitti hann sér m.a. fyrir bættri menntun kvenna og á árunum 1879-1883 var haldinn kvennaskóli á Undirfelli. Þar stendur nú kirkja, teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara og var byggð úr steinsteypu árið 1915.

11 Hof - Í Vatnsdælasögu segir að Ingimundur gamli hafi byggt bæ sinn að Hofi. Ofan við bæinn, á svonefndum Goðhól mótar fyrir fornum garðlögum og voru þau friðlýst 1931 sem „hofgirðingar". Liklegra er nú talið að þetta séu leifar fornra akurgirðinga. Við framkvæmdir þar sumarið 2009 var komið niður á kirkjugarð norðan við íbúðarhúsið. Er ljóst að grafirnar eru úr frumkristni í landinu, eða frá 11. öld. Kemur það heim og saman við orð Þórðarbókar Landnámu þar sem segir: „Þá tók Þorkell [krafla] skírn og allir Vatnsdælir. Hann lét kirkju gera að Hofi og veitti þar gröpt öllum þingmönnum sínum".

12 Odda-ás í Ljótunnarkinn - Hrolleifur hinn mikli varð banamaður Ingimundar gamla vegna deilna um veiðar í Vatnsdalsá. Greinir Vatnsdælasaga frá hefnd þeirra Ingimundarsona er þeir sóttu að þeim Hrolleifi og Ljót móður hans og drápu þau bæði. Ljótunnarkinn er grasbrekka í nyrðri ásnum í Ási. Þar mótar enn fyrir fornum garðlögum og tóftum fornbýlis. Söguskilti er norðan við heimkeyrsluna að Ási.

13 Jökulsstaðir - Í Landnámu og Vatnsdælasögu segir að Jökull Ingimundarson hafi búið í Tungu en staðarheitið Jökulsstaðir er ekki nefnt. Vatnsdælasaga segir að Þórormur hafi búið í „Tungu inni neðri" og því má ætla að þar Jökuls hafi verið í Tungu hinni efri. Uppi á meltagli sunnan og ofan við bæinn í Þórormstungu eru fornar bæjartóftir með garðlögum í kring og staðurinn nefndur Jökulsstaðir. Söguskilti hefur verið sett upp við veginn neðan við Jökulsstaði og er stutt gönguleið upp hlíðina að rústunum. Sér þaðan vítt yfir héraðið og út til hafs.

14 Þórhallastaðir - Ein magnaðasta frásögn þornbókmenntanna er lýsing Grettissögu af glímu Grettis við drauginn Glám. Glíma sú fór fram í skálanum á Þórhallastöðum og barst þaðan út á hlað, undir tungiskini og skýflokum. Á Þórhallastöðum er að finna myndarlegan bæjarhól og rústir bygginga en bærinn hefur verið í eyði um aldir.

15 Ingimundarrústir - Í Vatnsdælasögu er frásögn af landnámi Ingimundar gamla. Á nesi einu milli Víðidalsár og Faxalækjar er hæð sem kennd er við Ingimund og kallast Ingimundarhóll. Norðaustan undir hólunum mótar fyrir tóttum og eru byggingar fornlegar, skálar tveir, 16-18 metrar að lengd. Söguskilti hefur verið sett upp við Vesturhópsvatn og þaðan liggur göngustígur að rústunum.

16 Borgarvirki - er talið vera héraðsvígi frá söguöld (ca. 870-1030) og er einstætt hérlendis. Virkið er gosstapi úr stuðlabergi og stendur áberandi í landinu þar sem það rís um 177 metra yfir sjávarmáli. Náttúran og mannshöndin hafa gert Borgarvirki að upplögðum stað fyrir herflokk að búa um sig til varnar af vænsta mátti öfríðar. Hlaðnir hafa verið rammgerðir grjótveggir þar sem upp mátti komast. Innl í virkinu eru rústir af tveimur húsum svo og forn brunnur. Borgarvirki er friðlýst og er í hópi þeirra formminja sem fyrstar voru settar undir opinbera vernd árið 1817.

Saktu QR app og skannaðu mig.
Install a QR app, and scan the code.

Hönnun: Tómstundir Norðlands.